

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

8. febrúar 2016

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um drög að frumvarpi til laga um pósthjónustu

Þann 19. janúar 2016 óskaði innanríkisráðuneytið eftir umsögnum um drög að frumvarpi til nýrra laga um pósthjónustu. Félag atvinnurekenda vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Með frumvarpinu er lögð til umtalsverð breyting á umhverfi pósthjónustu hér á landi, þ.e. afnám einkaréttar hins opinbera á sviði pósthjónustu. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á þriðju pósttilskipun Evrópusambandsins 2008/6/EB. FA fagnar slíkri breytingu enda styður félagið markaðs- og verslunarfrelsi á öllum mörkuðum, þ.m.t. pósthjónustumarkaðnum.

FA telur þó nauðsynlegt að meiri upplýsingar liggja fyrir um rekstur og stöðu Íslandspósts áður en frumvarp sem þetta verður að lögum. Innanríkisráðherra hefur boðað að afnám einkaréttarins sé þáttur í undirbúningi fyrir einkavæðingu fyrirtækisins. Að mati FA er nauðsynlegt að ljúka rannsókn Samkeppniseftirlitsins á margvíslegum meintum brotum Íslandspósts á samkeppnislögum, sem staðið hafa í allt að sjö ár, áður en haldið verður áfram á þeirri vegferð að undirbúa einkavæðingu fyrirtækisins. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins snýr meðal annars að því hvort Íslandspóstur hafi með ólögsmætum hætti brotið gegn ákvæðum laga um bókhaldslegan aðskilnað einkaréttar og samkeppnisrekstrar með því að tekjur af einkaréttarrekstri hafi verið látnar niðurgreiða samkeppnisrekstur. Þá takast Íslandspóstur og Póst- og fjarskiptastofnun enn á um kostnaðarbókhald félagsins. Ekki hefur verið unnt að birta lögum samkvæmt afkomu mismunandi rekstrarþátta Íslandspósts (einkaréttar, samkeppnisrekstrar innan alþjónustu og samkeppnisrekstrar utan alþjónustu) í síðustu tveimur ársskýrslum fyrirtækisins vegna þess að PFS hefur ekki viðurkennt bókhaldsaðferðir fyrirtækisins.

Íslandspóstur hefur á undanförunum árum varið háum fjárhæðum í fjárfestingar í skyldum og óskyldum rekstri, í samkeppni við einkaaðila. Liggja þarf fyrir hver var uppruni þess fjármagns sem fór í þær fjárfestingar og hvort aðskilnaður einkaréttarhlutans og samkeppnisrekstrar hafi verið í samræmi við lög og reglur. Að mati FA er nauðsynlegt að botn sé fenginn í þessi mál áður en einkarétturinn er afnuminn og Íslandspóstur í framhaldinu seldur. Annars er augljóslega vitlaust gefið við einkavæðinguna og hætta á að nýjum eigendum verði afhent fyrirtæki með mikla og ósanngjarna meðgjöf í samkeppni við keppinauta sína.


Í frumvarpinu er að finna ýmsar nýjar skilgreiningar í 5. gr., m.a. á hugtökunum fjölpóstur og fríblöð. Í athugasemdum við 5. gr. kemur fram að ástæða þess sé m.a. sú að gert sé ráð fyrir því að móttakendur hafi skýra heimild samkvæmt lögnum til að hafna móttöku fjölpósts og fríblaða. Ákvæði um þá heimild

er í nýju ákvæði 30. gr. um óumbeðnar fjöldasendingar. Neytendur geta í dag afþakkað móttöku slíkra sendinga með tilkynningu um slíkt, m.a. með merkingu á póstkassa. Bent er á að þessi tegund pósts telst ekki falla undir alþjónustu samkvæmt 9. gr. frumvarpsins. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Séu ákvæði um fjölpóst og fríblöð sett inn í lög um pósthjónustu er dreifing slíks pósts þar með orðin eftirlitsskyld. Að mati FA er slík aukning á eftirliti ekki í samræmi við markmið frumvarpsins um að draga úr eftirliti á póstmarkaði.

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur um almennar heimildir. Þá skal hún setja skilyrði fyrir veitingu almennrar heimildar skv. 6. gr. Í texta frumvarpsins er vísað til 7. gr. en ljóst er að þar er um misritun að ræða þar sem 6. gr. fjallar um almenna heimild. Í liðum a-j eru talin upp þau skilyrði sem geta verið sett fyrir veitingu almennrar heimildar. B-liður hefur að geyma skilyrðið um að gjaldskrá póstrekkanda sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Póstrekkandi er skilgreindur í 5. gr. sem *aðili sem veitir pósthjónustu sem alþjónustuveitandi eða samkvæmt almennri heimild*. Verði ákvæði b-liðar 2. mgr. 8. gr. að lögum er heimilt að hafa eftirlit með gjaldskrám allra póstrekkanda, þeirra sem sinna alþjónustu og annarra. Þetta er breyting frá gildandi lögum en samkvæmt c-lið 1. mgr. 15. gr. getur Póst- og fjarskiptastofnun sett það sem skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa *að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar [...]* Eftirlitið er samkvæmt ákvæðinu bundið við gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu. Ákvæði frumvarpsins gengur þar með lengra en slíkt gengur ljóslega gegn markmiði frumvarpsins um að draga úr eftirliti á póstmarkaði.

Þá vekur athygli að með frumvarpinu eru verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar aukin og að öllum líkindum þar með skörun verkefna stofnunarinnar og Samkeppniseftirlitsins. Slíkt stingur mjög í stúf við tillögu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um að sameina Póst- og fjarskiptastofnun Samkeppniseftirlitinu.

Virðingarfyllt,


Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur